

Innviðaráðuneytið,
Sölvhóls götu 7,
Reykjavík.

Aðeins sent með tölvupósti irn@irn.is

19. júní 2023

STJÓRNSÝSLUKÆRA/BEIÐNI UM FRUMKVÆÐISATHUGUN

Sigrún Bjarnadóttir, Fossnesi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, hefur falið mér að senda neðangreint erindi, til þóknanlegrar afgreiðslu ráðuneytisins.

KÆRUATRIÐI

Kæruatriðið varðar efni og nýlega framfylgd rammasamkomulags Skeiða- og Gnúpverjahrepps (kærði) og Landsvirkjunar dags. 26. júní 2008, nefnt **Rammasamkomulag varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar**¹, og einnig nýgert samkomulag, nefnt **Samkomulag um lokauppgjör á rammasamkomulagi milli sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar**² milli sömu aðila, undirritaður 2. júní 2023 og staðfestur af meirihluta sveitarstjórnar kærða á fundi 7. júní 2023³.

KRÖFUGERÐ

Óskað er eftir að ráðuneytið taki til skoðunar, hvort sem er sem stjórnsýslukæru eða í frumkvæðisathugun skv. 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eftirfarandi gerninga Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Er þess krafist, með eða án frumkvæðisathugunar ráðuneytisins að rammasamningurinn, dagsettur 26. júní 2008, og lokauppgjör hans dags. 2. júní 2023 verði í heild fellt úr gildi. Til vara að samningarnir verði lýstir ólögmætir. Til þrautavara að 7. gr. rammasamningsins og samsvarandi ákvæði uppgjörssamnings 2. júní 2023 verði felld úr gildi. Til annarra þrautavara að 7. gr. rammasamningsins og tilsvareandi ákvæði samnings um lokauppgjör verði lýst ólögmæt.

KÆRUHEIMILD OG AÐILD

Kæruheimild og -aðild í máli þessu byggist á 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og vísar kærandi um skýringu þess til úrskurðar innviðaráðuneytisins 20. ágúst 2008 í máli nr.

¹ Meðfylgjandi.

² Sjá [230526-samkomulag-um-lokauppgjor-a-rammasamkomulagi-skeida-og-gnupverjahrepps-og-landsvirkjunar.pdf \(skeidgnup.is\)](#)

³ Sjá fundargerð [Sveitarstjórn - 22. fundur - 07.06.2023 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur \(skeidgnup.is\)](#)

26/2008⁴. Kærandi býr í Fossnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og rekur þar ferðaþjónustu, í næsta nágrenni við fyrirhugað fjögurra ferkílómetra lón tengt fyrirhugaðri Hvammsvirkjun. Lengi hefur staðið til af hálfu Landsvirkjunar að reisa virkjun við Hvamm í nágrenni jarðarinnar og telur kærandi uppistöðulón allt of víðfeðmt og hætta stafi af fyrir hross og menn. Telur kærandi að áhættumat sé ófullnægjandi og að á síðustu 15 árum hafi komið fram að undirbúningi málsins hafi verið verulega áfátt í mörgum og mikilvægum atriðum, sem ekki var áður kunnugt um. Hafi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála þegar fellt úr gildi virkjunarleyfi Landsvirkjunar í máli nefndarinnar nr. 3/2023 og ákvörðun meirhluta sveitarstjórnar 14. júní 2023 um framkvæmdaleyfi sæti nú í kjölfarið endurskoðun nefndarinnar sbr. mál hennar nr. 74/2023.

Þá er vísað til heimilda ráðuneytisins til frumkvæðisathugunar skv. 112. gr. laga nr. 138/2011.

KÆRUFRESTUR

Kærandi var ekki kunnugt um rammasamkomulag kærða frá 2008 fyrr en það kom til umfjöllunar á ný í tengslum við Kveikspátt RÚV í apríl 2023 og síðan á vettvangi sveitarstjórnar í liðinni viku, þegar framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun var veitt. Kærufrestur skv. 111. gr. laga nr. 138/2011 er því ekki liðinn að því er það varðar. Samningur um lokauppgjör var fyrst undirritaður fyrir í yfirstandandi mánuði og fullyrðir kærandi að engum hafi verið um að kærði teldi samkomulagið frá 2008 í fullu gildi, enda virðist það hafa verið gleymt og grafið flestöllum þar til alveg nýlega.

MÁLSATVIK

Kærði gerði hinn 26. júní 2008 samning við Landsvirkjun, sem varðar ýmsa skipulagslega þætti Hvammsvirkjunar og tveggja annarra virkjana í neðri Þjórsá, Holtavirkjunar og Urriðafossvirkjunar. Þannig segir í 1. gr. samkomulagsins að kærði skuldbindi sig til að greiða fyrir skipulagsáætlunum sem tengjast virkjunum og skv. 7. gr. skyldi framkvæmdaraðili greiða kærða allan útlagðan kostnað vegna nauðsynlegra skipulagsáætlana og framkvæmdaleyfis. Á þeim tíma lá ekki fyrir aðalskipulag sem gerði ráð fyrir Hvammsvirkjun. Virðist í útfærslu á 7. gr. rammasamkomulagsins vera á ferðinni hreinræktaður samningur um fundapóknunargreiðslur til kjörinna fulltrúa og lögmanskostnað og fasta þóknunargreiðslu yfir visst árabíl á grundvelli liðar 5 í fylgiskjali með 2002 samkomulaginu, sem vísað er til í nýgerðu lokauppgjöri, en kærandi hefur þó ekki undir höndum.

Þá var af hálfu kærða undirritað samkomulag um lokauppgjör á rammasamkomulaginu 2008 og það staðfest af meirihluta sveitarstjórnar á fundi sínum 7. júní 2023. Virðist rammasamkomulagið hafa verið dregið fram í dagsljósið eftir að hafa ekki verið virt síðan um 2016 að því er virðist. Virðist m.a. hafa átt að gera upp þóknun skv. 7. gr.

⁴ Sjá [Stjórnarráðið | Flóahreppur - , frávisunarkrafa, lögmæti samkomulags við Landsvirkju: Mál nr. 26/2008 \(stjornarradid.is\)](#)

rammasamkomulagsins með rúmlega 17,4 milljóna króna greiðslu þegar framkvæmdaleyfi hefði verið veitt, eftir því sem fram kemur í 3. málsgrein 2. gr. í undirrituðu lokauppgjöri frá 2. júní 2023 en framkvæmdaraðili hafi áður haldið eftir um árabíl þessum þætti þóknunar til kærða. Þessar fjárhæðir eru verðbættar frá gerð rammasamkomulagsins í júní 2008 skv. nýgerðu lokauppgjöri. Ekki er ljóst hvaða þóknun nákvæmlega um er að ræða og fyrir hvaða veittu þjónustu. Þóknun til kjörinna fulltrúa fyrir fundarsetu og greiðsla fyrir lögmannsþjónustu virðist hafa verið innt af hendi af framkvæmdaraðila fyrir utan þennan þátt þóknunar.

Framkvæmdaleyfi fyrir Hvammsvirkjun var veitt af meirihluta sveitarstjórnar 14. júní 2023⁵ og átti Landsvirkjun að ljúka greiðslu á samtals nærri 70 milljónum króna skv. samkomulaginu 2. júní 2023 eigi síðar en tveimur dögum síðar.

Rammasamkomulagið ber nánar tiltekið heitið *Rammasamkomulag milli sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Landsvirkjunar varðandi undirbúning, byggingu og rekstur Hvamms-, Holta- og Urriðafossvirkjunar*, og var undirritað á sama tíma og til meðferðar var í samgönguráðuneytinu stjórnarsýslumál nr. 26/2008 sem varðaði auglýsta tillögu að breytingu á aðalskipulagi 2004-2016 vegna Hvamms- og Holtavirkjana og m.a. ákvæði samnings frá 2007 um greiðslu Landsvirkjunar fyrir skipulagsvinnu. Árið 2009 úrskurðaði ráðuneytið hinsvegar að samningsákvæði Landsvirkjunar við Flóahrepp 2007 um greiðslu kostnaðar brytu gegn lögum, eftir að umboðsmaður Alþingis hafði fjallað um málið, sjá mál UA 5434/2008.

Hið ógilta samningsákvæði skv. úrskurði ráðuneytisins í máli nr. 25/2009 hljóðaði svo:

Landsvirkjun mun bera allan kostnað af gerð deiliskipulags af virkjunarsvæði Urriðafossvirkjunar ásamt tilheyrandi greinargerðum vegna skipulagsvinnu og framkvæmdaleyfis. Landsvirkjun greiðir þann kostnað beint til ráðgjafa þeirra er annast það verkefni í samráði við sveitarstjórn.

Aðilum er ljóst að umsvif og álag á sveitarstjórn mun fyrirsjáanlega aukast vegna vinnu við fyrirliggjandi skipulagsbreytingu. Samkomulag er um að Landsvirkjun bæti sveitarfélaginu að fullu kostnað sem það kann að verða fyrir við aðal- og deiliskipulagsvinnu vegna virkjunarinnar.

Sambærilegt samningsákvæði er að finna í 7. gr. rammasamkomulags kærða og Landsvirkjunar undirrituðu 26. júní 2008 og vísað er til þess ákvæðis í nýgerðum samningi aðila um lokauppgjör. 7. gr. rammasamkomulagsins 2008 er orðrétt:

Landsvirkjun mun greiða allan sannanlegan útlagðan kostnað sveitarfélagsins vegna undirbúnings virkjana s.s. kostnað vegna skipulagsbreytinga og vinnu við útgáfu framkvæmdaleyfis Komi til ófyrirséðra atvika á verktíma virkjananna, sem leiða munu til útgjaldaauka sveitarfélagsins munu aðilar hafa samráð um greiðslu þess kostnaðar.

⁵ Sjá fundargerð og upptöku [Sveitarstjórn - 23. fundur - 14.06.2023 | Skeiða- og Gnúpverjahreppur \(skeidgnup.is\)](https://www.skeidgnup.is)

Í umfjöllun um Viðauka I við fjárhagsáætlun á fundi sveitarstjórnar kærða 3. maí 2023 var bókað: „Gert er ráð fyrir endurgreiðslu kostnaðar v. vinnu á skrifstofu við yfirferð gagna og aðra vinnu tengdri umsókn um framkvæmdaleyfi við Hvammsvirkjun.“ Sýnist þannig að þrátt fyrir fyrrgreindan úrskurð ráðuneytisins um sambærilegan samning Landsvirkjunar við Flóahrepp, sé litið svo á af hálfu aðila rammksamkomulagsins frá 2008 að það, og þá einkum 7. gr. þess, sé enn í fullu gildi. Kærði virðist hinsvegar ekki hafa gefið út gjaldskrá fyrir skipulagsvinnu eða framkvæmdaleyfi svo sem skylt er skv. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 123/2010, sé gjald tekið fyrir þá vinnu skv. lagaheimild í 1. og 2. mgr. ákvæðisins.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA

Innviðaráðuneytið ógilti með úrskurði þegar árið 2009 samningsákvæði milli Landsvirkjunar og Flóahrepps sem er alveg sambærilegt því sem kærði og Landsvirkjun byggja nú á, með samkomulagi sínum um lokauppgjör fyrr í þessum mánuði. Með rammksamkomulagi 2008 skuldbatt kærði sig með samningi til skipulagsákvæðana í tengslum við framkvæmdaáform Landsvirkjunar og áskildi sér greiðslu fyrir vinnuframlag kjörinna fulltrúa meðal annars við afgreiðslu ákvæðana sem lög nr. 123/2010 gilda nú um.

Með úrskurði innviðaráðuneytis frá 31. ágúst 2009 í stjórnslumáli nr. 25/2009⁶ var sem fyrr segir lýstur ógildur að hluta sambærilegur samningur Landsvirkjunar við Flóahrepp. Vísað er til allra sömu röksemda og þar koma fram, til stuðnings kröfum umbj. míns.

ÁSKILNAÐUR

Þess er sérstaklega óskað, að gætt verði að andmælarétti umbjóðanda míns, þegar umsögn kærða hefur komið fram.

f.h. kæranda



Sif Konráðsdóttir, lögmaður
sif.konradsdottir@gmail.com

⁶ Sjá [Stjórnarráðið | Flóahreppur - lögmati samkomulags við Landsvirkjun, endurupptaka á úrskurði nr. 26/2008: Mál nr. 25/2009 \(stjornarradid.is\)](#)